

Ed.

726. Frumvarp til laga

[238. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 556 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Stjórn Stofnlánadeildar setur henni útlánareglur, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þær skulu miða að því, að fjárfestingarlán til landbúnaðarins og þjónustufyrirtækja hans stuðli að þeirri þróun, sem æskilegust er fyrir atvinnuveginum og þjóðarbúið í heild.

Lánareglur deildarinnar skulu miðaðar við það, að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú, en hafa möguleika til að ná aukinni hagkvæmni með stækkun búanna, njóti hagkvæmustu lánakjara til umbóta á jörðum sínum, að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eins og það er á hverjum tíma.

Þegar um viðurkenndan félagsbúskap er að ræða, nýtur hver aðili að búinu lána-réttinda sem sjálfstæður bóndi.

Nú hefur bóndi stærra bú en sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eða sækir um lán til framkvæmda, sem svara til stærra bú, og er þá heimilt að skipta lánnum til viðkomandi framkvæmda þannig, að hluti þeirra sé með öðrum kjörum eða lægri hundraðshluti verði veittur út á framkvæmdina.

Upphæð lána má að jafnaði vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og meðal-kostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að veita hærri lán, eða allt að 70%, ef ástæða þykir til að örva ákveðna framleiðslugrein á einstökum landssvæðum eða aðrar ástæður mæla sérstaklega með auknum stuðningi við viðkomandi framkvæmdir.

Til vélgrafinna skurða má lána allt að 85% kostnaðarverðs.

Njóti framkvæmdir framlags samkvænit jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu.

Um ákvörðun lána skal stjórn deildarinnar hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánnum og ekki heldur þegar um er að ræða framkvæmdir á hýlum, sem eru innan þéttbýlismarka, ef fyrir-sjáanlegt þykir, að ekki verði þar um framtíðarbúrekstur að ræða.

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús eru fokheld.